

Nd.

816. Nefndarálit

[276. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. l. nr. 35/1976, l. nr. 23/1977, l. nr. 58/1977, l. nr. 61/1977 og l. nr. 22/1981.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. nefndarinnar telur að þær upplýsingar, sem fram hafa komið varðandi 1. og 2. gr. frv., sýni nauðsyn þess að móta skýrar vinnureglur til að velja þá embættismenn sem kjaradómur ákveður laun.

Minni hl. leggur því til að 1. og 2. gr. ásamt ákvæði til bráðabirgða I verði felld niður en telur að ríkisstjórnin eigi að beita sér fyrir því að mótuð verði vinnuregla í þessu efni.

Minni hl. leggur til að 3., 4. og 5. gr. ásamt ákvæði til bráðabirgða II verði samþykkt. Þessi lagabreyting er gerð til að fullnægja samkomulagi fjármálaráðherra og launamálaráðs ríkisstarfsmanna innan BHM.

Minni hl. flytur breytingartillögur á sérstöku þskj.

Kristín Halldórsdóttir, þingmaður Kvinnalista, var viðstödd fundi nefndarinnar um þetta mál og er þessu álitu samþykkt.

Alþingi, 10. maí 1984.

Guðmundur Einarsson,
fundaskr., frsm.

Kjartan Jóhannsson.

Svavar Gestsson.